

**L Ö G**  
**um friðun Eldeyjar.**

27

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Bannað er að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar.

## 2. gr.

Eigi má granda fuglum né eggjum á Eldey, jarðvegi né neinu því, er þýðingu hefir fyrir fuglalíf, né heldur má nokkrum öðrum hlutum spilla þar eða ræna.

## 3. gr.

Greiða skal bætur þeim, er leigurétt hefir á eyinni, svo að hann verði skaðlaus af. Náist ekki samningar um bætunarnar, skal um þær fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

## 4. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, 500—5000 kr.  
Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða sektum, 100—10000 kr.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**L Ö G**  
**um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.**

28

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Þó er ráðherra heimilt að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur er ráðherra heimilt að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.